



Nefndasvið Alþingis  
B.t. fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 10. desember 2021

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022, 1. mál, tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026, 2. mál og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022, 3. mál.**

Fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd hafa óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) um frumvarp til laga um fjárlög fyrir árið 2022, 1. mál, tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árið 2022-2026, 2. mál og breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2022, 3. mál.

Hér að neðan er samantekt yfir helstu athugasemdir SI:

- SI taka undir það sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu og fjármálastefnunni að litið til næstu ára verði að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstrinum. Leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin. Leið skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs og tefja endurreisnina.
- SI lýsa ánægju sinni með það að í fjárlagafrumvarpinu endurspeglar áhersla á að vaxa út úr kreppunni og halda áfram að byggja upp velsæld með traustum efnahag, fjárfestingum í fólki, innviðum og nýsköpun. Taka samtökin heilshugar undir það sem þar er sagt að til þess að aukin efnahagssumsvif verði á sjálfbærum grunni þurfi þau að byggja á aukinni framleiðni hagkerfisins.
- SI fagnar því að á nýju kjörtímabili verður áfram fjárfest í innviðum, menntun, nýsköpun og rannsóknnum og mótuð umgjörð fyrir öflugt og framsækið atvinnulíf.
- Iðnaður lagði afar mikið af mörkum til endurreisnar á liðnum áratug eftir síðustu kreppu. Umfang iðnaðar er mikið. Iðnaðurinn getur á enn kröftugri hátt verið drifkraftur viðspyrnu hagkerfisins nú. Til þess þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að taka höndum saman og vinna hratt að uppbyggingu og bættum skilyrðum.
- SI fagna sérstaklega skýrri og framsækinni framtíðarsýn og áherslum nýrrar ríkisstjórnar á hvata til fjárfestinga í nýsköpun og vöxt hugverkaiðnaðar, sem hefur fest sig í sessi sem fjórða stoðin í verðmætasköpun þjóðarbúsins. Í því sambandi má sérstaklega nefna að fyrirhugað er að festa hækkun á endurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunar (R&D) í sessi. Sú aðgerð ein og sér mun stuðla að áframhaldandi vexti hugverkaiðnaðar, aukinna útflutningstekna og skapa ný og verðmæt störf.



- SI eru ánægð með að það sé skýrt markmið nýrrar ríkisstjórnar að stuðla að efnahagslegum stöðugleika, enda er hann forsenda áframhaldandi kjarabóta heimilanna í landinu. Í nýrri könnun sem gerð var meðal stjórnenda iðnfyrirtækja kemur fram að 98% þeirra segja að stöðugt starfsumhverfi skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja.
- SI mótmæla þeirri 0,25 prósentustiga hækkun tryggingagjaldsins sem fyrirhuguð er um næstu áramót skv. frumvarpi til fjárlaga. Hækkun tryggingagjaldsins veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og dregur úr getu fyrirtækja að ráða til sín starfsmenn og þar með tekjugrunni tryggingagjaldsins.
- SI telja mikilvægt í ljósi þess hversu vel verkefnið Allir vinna hefur tekist að stjórnvöld framlengi 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts um eitt ár hið minnsta. Átakið Allir vinna hefur skilað góðum árangri bæði á síðasta ári sem og á árunum 2009-2013.
- SI fagna aukinni áherslu á að skapa traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits en myndu vilja sjá aukna áherslu á bætt regluverk með það fyrir augum að bæta eftirfylgni með lögum og tryggja virka samkeppni á jafnræðisgrundvelli. Hér vilja samtökin sérstaklega nefna eftirlit með lögum um handiðnað nr. 42/1978, sem er í lamasessi.
- SI fagna aukinni áherslu Samkeppniseftirlitsins á þróun stafrænna lausna þá skortir aukna áherslu á að eftirlit Samkeppniseftirlitsins verði skilvirkara og hagkvæmara. Hér þarf að horfa til þess að stytta málsmeðferðartíma innan eftirlitsins.
- SI telja mikilvægt að horft sé sérstaklega til þess að bæta samkeppniseftirlit með opinberum fyrirtækjum í samkeppnisrekstri og að stjórnvöld leiti markvisst leiða til að draga úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði. Auka þarf áherslu á útvistun samhliða því að vinna að heilbrigðum útboðsmarkaði hins opinbera.
- SI telja að þar sem netöryggismálum hefur verið tryggt varanlegt fjármagn sé tilefni til lækkunar rekstrargjalds þar sem gjaldinu sé ekki lengur ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar á sviði netöryggismála.
- SI telja það vonbrigði að sjá að fyrirhuguð framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu lækka um 7,8% á tímabilinu 2022-2026, þrátt fyrir fyrirheit um eflingu iðnnáms í stjórnarsáttmála. SI fagna því að ríkisstjórnin styðji byggingu nýs Tækniskóla enda hefur þörfin aldrei verið meiri.
- SI harma að framlög í vinnustaðanámssjóð haldast óbreytt á milli ára, því ljóst er að breyting á reglugerð um vinnustaðanám kallar á talsvert meira utanumhald og kennslu frá meisturum, fyrirtækjum og stofnunum en verið hefur hingað til. Það er eindregin ósk SI að framlög til sjóðsins verði aukin verulega til þess að mæta þessari fjölgun umsókna.
- SI eru ánægð með þá miklu áherslu á innviði sem birtist í stjórnarsáttmála og ráðuneytisskipan nýrrar ríkisstjórnar. Eru samtökin sérstaklega ánægð með að nýtt ráðuneyti innviða hafi nú verið stofnað þar sem undir eru öll helstu málefni innviða hagkerfisins. Er að mati SI sérstaklega ánægjulegt að þar hafi verið sameinuð í einu ráðuneyti skipulags-, byggingar- og samgöngumál sem ætti að greiða úr flækjum.
- SI mótmæla þeim niðurskurði sem er í fjárlagafrumvarpinu á fjárheimildum til framkvæmda á vegakerfinu. Af öllum innviðum landsins er ástand vegakerfis einna verst.



- SI lýsa áhyggjum af því sem fram kemur í fjármálaáætlun 2022-2026 þar sem gert er ráð fyrir að hlutdeild fjárfestinga hins opinbera af landsframleiðslu muni lækka á næstu árum m.a. vegna mikilla lækkunar í fjárfestingum í samgöngumannvirkjum. Mikilvægt er að tryggja að þessi þróun verði ekki að veruleika enda er mikil uppsöfnuð viðhaldspörf á innviðum landsins og ekki á þá skuld bætandi.
- SI fagna því að nú standi til að ráðast í frekari endurbætur á regluverki og stjórnsýslu húsnæðismála. Mikilvægt er að nægt fjármagn sé tryggt til verkefnisins þar sem ávinningurinn verður margfalt meiri. Leggja þarf ríka áherslu á að tryggja áframhaldandi þróun á uppbyggingu húsnæðisgrunnns HMS.
- SI benda á að afar mikilvægt sé að tryggja frekari fjármagn Asks – mannvirkjasjóðs svo unnt sé að stuðla að markvissari rannsóknum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar til framtíðar, þar á meðal vistvænum byggingarefnum.
- SI telja mikilvægt að tryggt verði að Loftslagssjóður verði fjármagnaður í samræmi við gjöld sem fyrirtæki eru að greiða fyrir losunarheimildir og að gjöldin skili sér til umbótaverkefna atvinnulífsins innan kerfisins, sér í lagi til nýsköpunar og grænna fjárfestinga.
- SI telja mikilvægt að gagnsæi sé hvað varðar innheimt umhverfisgjöld og hvort og hvernig þeir fjármunir eru raunverulega nýttir til grænna verkefna og nýsköpunar. Verulega úrbóta þörf til að bæta úr þeim ágalla til að skapa traust til þess að umrædd gjöld séu sannarlega nýtt í græn verkefni.
- SI hvetja til að markmið um aukinn stuðning við íslenska bókaútgáfu verði einnig nýtt sem hvati til þess að íslensk bókverk séu prentuð á Íslandi. Skapa þarf hvata sem stuðlar að því að bókaútgefendur sjái hag sinn í því að prenta héraendis. Slíkar aðgerðir ríma vel við markmið stjórnvalda um minnkun kolefnisspors ásamt því að varðveita sérfræðipekkingu fagfólks í prentiðnaði.




## Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Verðmætasköpun sem byggir á öfluggu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld skapa. Með umbótum í menntun, innviðum, nýsköpun, orku og umhverfismálum og öðru er varðar starfsumhverfi fyrirtækja í landinu eykst framleiðni sem leiðir til hagsældar.

Góð skuldastaða ríkissjóðs fyrir niðursveifluna sem hófst árið 2019 gerði stjórnvöldum kleift að mæta djúpri niðursveiflu í efnahagslífinu með víðtækum aðgerðum á sviði hagstjórnar. Ríkisfjármálunum var beitt til að milda efnahagsáfallið fyrir heimili og fyrirtæki í landinu og skapa grundvöll fyrir hagvöxt og fjölgun starfa litið til lengri tíma. Undirstrikar þetta mikilvægi þess að staða hagstjórnartækja sé með þeim hætti að hægt sé að beita þeim til að mæta áföllum í þjóðarbúskapnum.

Litið til næstu ára verður að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstrinum. Leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin. Leið skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs og tefja endurreisnina. Samtök iðnaðarins lýsa ánægju sinni með að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé lögð áhersla á þetta. Þar segir að styrkur ríkisfjármála verði byggður upp á ný á grundvelli öflugs atvinnulífs og áhersla lögð á framúrskarandi umhverfi til verðmætasköpunar þar sem til verða ný, fjölbreytt og verðmæt störf. Samtök iðnaðarins telja að með því slíta fjötrana sem halda aftur af atvinnulífinu með markvissum

hætti á næstu mánuðum verði hægt að hraða uppbyggingu og skapa ný og eftirsótt störf og auka verðmæti sem styrkja stöðir ríkisfjármála litið til framtíðar.



iðnaður lagði afar mikið af mörkum til endurreisnar á liðnum áratug eftir síðustu kreppu. Umfang iðnaðar er mikið. Eitt af hverjum fimm störfum er í iðnaði, íslenskur iðnaður skapar ríflega fimmtung landsframleiðslunnar með beinum hætti og 41% til útflutnings. Þriðjungur vaxtar eftir hrun átti sér stað í iðnaði. Íslenskur iðnaður lagði þannig meira til endurreisnarinnar heldur en stærð hans gaf til kynna og iðnaðurinn getur á enn kröftugri hátt verið

drifkraftur viðspyrnu hagkerfisins nú. Til þess þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að taka höndum saman og vinna hratt að uppbyggingu og bættum skilyrðum. Nýjar útflutningsgreinar og aukin verðmæti með nýsköpun í rótgrónum greinum þurfa að knýja vöxtinn í átt til bættra lífskjara.



Í greinargerð tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnunnar segir að hægt hafi á alþjóðlegum framleiðnivexti. Þar segir einnig að þegar litið er til drifkrafta hans til lengri tíma, s.s.fjárfestingar, nýsköpunar og virkrar samkeppni, er ekki tilefni til að ætla að framleiðnivöxtur geti að óbreyttu verið varanlega hærri hér á landi en í öðrum vestrænum ríkjum. Þetta er áhyggjuefni að mati SI horft fram í tímann. Ljóst er að ekki verður innistæða fyrir auknum lífsgæðum nema til komi umbætur sem leiða til aukinnar framleiðni.

Í nýlegri rannsókn á vegum Alþjóðabankans er bent á að þeir þættir sem helst ákvarða breytileika í framleiðni á milli landa eru efnislegir innviðir, menntun, nýsköpun, skilvirkni markaða ásamt stofnanainnviðum. Undirstrikar þetta mikilvægi þeirra málefna sem Samtök iðnaðarins leggja áherslu á; innviði, menntun, nýsköpun og starfsumhverfi. Þá hafa umhverfis- og loftslagsmál fengið aukið vægi og er fyrirsjáanlegt að aðgerðir á þeim vettvangi skipta máli fyrir samkeppnishæfni þjóða. Með réttum aðgerðum á þessum sviðum eflist framleiðni og samkeppnishæfni sem lyftir varanlega getu hagkerfisins til verðmætasköpunar, styður við bætt lífskjör í landinu og styrkir stoðir sjálfbærs ríkisrekstrar. Stjórnvöld hafa það í hendi sér að vinna að nauðsynlegum umbótum á þessum sviðum til að efla samkeppnishæfni Íslands og þar með lífskjör landsmanna.

Í þessu sambandi lýsa SI ánægju með að í fjárlagafrumvarpinu endurspeglar áhersla á að vaxa út úr kreppunni og halda áfram að byggja upp velsæld með traustum efnahag, fjárfestingum í fólki, innviðum og nýsköpun. Taka samtökin heilshugar undir það sem þar er sagt að til þess að aukin efnahagsumsvif verði á sjálfbærum grunni þurfi þau að byggja á aukinni framleiðni hagkerfisins. Umhverfi sem styður við verðmætasköpun er þannig grundvallaratriði til að ná áfram góðum árangri. SI fagnar því að á nýju kjörtímabili verður áfram fjárfest í innviðum, menntun, nýsköpun og rannsóknum og mótuð umgjörð fyrir öflugt og framsækið atvinnulíf.

Áherslan á að vaxa út úr kreppunni merkir að við þurfum hagvöxt. Spá sem liggur til grundvallar bæði fjárlagafrumvarpinu og fjármálastefnunni vekur áhyggjur í þeim efnum. Landsframleiðsla á íbúa nær ekki sama stigi og árið 2019 fyrr en árið 2024. Spáð er 5,3% hagvexti á næsta ári og ekki meira en tæplega 2,4% hagvexti að jafnaði eftir það til ársins 2026 eða til þess tíma sem fjármálastefnan nær. Við þurfum og eigum að geta gert betur en það.

### **Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi forsenda samkeppnishæfni**

Að mati Samtaka iðnaðarins er ein stærsta áskorun nýs kjörtímabils litið til næstu ára að tryggja samkeppnishæft starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og auka þannig framleiðni og innlenda verðmætasköpun. Starfsumhverfi sem einkennist af stöðugleika, hagkvæmni og skilvirkni er best til þess fallið að skapa íslenskum fyrirtækjum sterka samkeppnisstöðu. Slíkt umhverfi styrkir framboðshlið hagkerfisins. Gott og heilbrigt starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni og styðji við efnahagslega velsæld íbúa.



### *Stöðugt starfsumhverfi*

SI eru því ánægð með að það sé skýrt markmið nýrrar ríkisstjórnar að stuðla að efnahagslegum stöðugleika, enda er hann forsenda áframhaldandi kjarabóta heimilanna í landinu. Með aðgerðum sem auka stöðugleika efla stjórnvöld samkeppnishæfni atvinnulífsins, framleiðni eykst og efnahagsleg lífsgæði landsmanna batna. Stöðugleiki í efnahagsmálum styður við áætlanagerð fyrirtækja og stuðlar að auknum hagvexti til lengri tíma. Með aðgerðum til að auka stöðugleika er byggt undir framleiðnivöxt og velmegun.

Stjórnendur íslenskra iðnfyrirtækja vilja stöðugleika. Í nýrri könnun sem gerð var meðal stjórnenda iðnfyrirtækja kemur fram að 98% þeirra segja að stöðugt starfsumhverfi skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja og sama hlutfall segir að ríkisstjórnin eigi að leggja mikla áherslu á stöðugleika í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Þetta háa hlutfall undirstrikar mikilvægi stöðugleika fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins og getu þess til að skapa störf og verðmæti.

Stöðugleikinn sem stjórnendur iðnfyrirtækja sækjast eftir er fjölpættur. Krafa um stöðugleika felur m.a. í sér að hagsveiflur séu ekki miklar, verðbólga hófleg, vextir lágir og gengi gjaldmiðilsins stöðugt. Einnig er krafa sú að vinnumarkaðurinn sé stöðugur og laga- og reglugerðarumhverfi sé stöðugt. Víðtækur stöðugleiki er forsenda blómlegs atvinnulífs.

Fullyrða má að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja hafi ekki verið stöðugt í gegnum tíðina þó að með bættri hagstjórn hafi dregið úr óstöðugleikanum. Til að ná fram stöðugleika er mikilvægt að hagstjórnartækjum sé beitt með samstilltum og réttum hætti. Líkt og segir í stjórnarsáttmálanum þá er samspil peningastefnu, ríkisfjármála og vinnumarkaðar undirstaða þess að unnt sé að tryggja stöðugleika.

Má segja að í undanfarinni niðursveiflu hafi tekist betur en oft áður að beita hagstjórnartækjunum til að milda höggið fyrir heimili og fyrirtæki og á sama tíma byggja undir stoðir hagvaxtar litið til lengri tíma. Góð skuldastaða hins opinbera ásamt verðbólguvæntingum við markmið Seðlabankans gáfu bæði hinu opinbera og Seðlabanka tækifæri til að beita opinberum fjármálum og peningamálum af þunga til að vinna gegn niðursveiflunni.

Nú þegar vöxtur hefur tekið við af samdrætti eru meðulin á vissan hátt önnur þó að hið endanlega markmið um stöðuleika sé hið sama og áður. Mikilvægt er í því sambandi að á sama tíma og dregið er úr stuðningi við heimili og fyrirtæki samhliða því að hagkerfið tekur við sér þá sé ekki höggvið í þá þætti sem geta myndað grunn að auknum hagvexti til lengri tíma. Afar mikilvægt er að horft sé til þeirra aðgerða sem gripið var til í niðursveiflunni með skýra afmörkun þessara þátta í huga.

Í þessu sambandi hefur áhersla á að halda uppi fjárfestingarstiginu í hagkerfinu stuðlað að auknum stöðugleika, ekki síst í umhverfi iðnaðarins. Aukinn stöðugleiki iðnaðar skiptir allt hagkerfið máli vegna mikils umfangs greinarinnar í hagkerfinu. En auknar fjárfestingar hins opinbera gegna líka veigamiklu hlutverki við að auka framleiðslugetu hagkerfisins líkt og segir í



greinargerð fjármálaáætlunar. Er mjög mikilvægt að ekki sé misst sjónar á þessu. Ekki má falla aftur í þá gryfju að mæta ákalli um aðhald með því að draga úr fjárfestingum hins opinbera og stuðning við fjárfestingar einkaaðila og grafa þannig undan hagvexti í framtíðinni. Með slíkum aðgerðum er grafið undan tekjugrunni hins opinbera til lengri tíma litið og getu hans til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Undanfarin niðursveifla undirstrikar mikilvægi fjölbreytts efnahagslífs fyrir stöðugleikann. Hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er líklegra til þess að sveiflast meira. Auka má stöðugleikann með því að fjölga stöðum gjaldeyrisöflunar. Í því ljósi er afar jákvætt að sjá vöxt hugverkaiðnaðar um þessar mundir. Sú grein er orðin ein af fjórum meginstöðum



gjalddeyristekna þjórðarbúsins og gæti orðið sú öflugasta ef stjórnvöld kjósa svo og grípa til viðeigandi aðgerða. Á undanförunum árum hafa stjórnvöld stigið stór skref til að efla hvata og skilyrði til nýsköpunar. Jákvætt er að sjá að núverandi ríkisstjórn ætlar að halda áfram á sömu braut, sem birtist skýrt í nýjum stjórnarsáttmála.

#### *Hagkvæmt starfsumhverfi*

Með því að létta álögum af fyrirtækjum má skapa störf og auka verðmæti. Framtíðarhorfur í opinberum fjármálum velta á hagvexti sem er á herðum atvinnulífsins að skapa. Léttar álögur á fyrirtæki efla samkeppnishæfni þeirra og efla íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni.

Tryggingagjald er lagt á launakostnað fyrirtækja og samanstendur af almennu tryggingagjaldi og atvinnuleysistryggingagjaldi. Í heild er gjaldið 6,1% af öllum launagreiðslum í landinu. Gjaldið var hækkað verulega í kjölfar efnahagsáfallsins 2008 en hefur verið lækkað nokkuð síðustu ár. Það er tæplega prósentustigi hærra nú en árið 2000. Gjaldið er einn stærsti einstaki tekjuliður ríkissjóðs og í leiðinni stór kostnaðarliður fyrir íslenskan vinnumarkað.

Líkt og segir í síðustu fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar felur tryggingagjaldið í sér samfélagslegan kostnað. Það eykur kostnað fyrirtækja við hvern starfsmann á launaskrá og dregur með því úr svigrúmi til launahækkana, ráðninga, fjárfestinga og annarra umsvifa.

Reiknað er með því að tryggingagjald skili ríkissjóði ríflega 107 mö.kr. á næsta ári. Hátt tryggingagjald kemur verst niður á þeim fyrirtækjum þar sem launahlutfallið er hátt, þ.e. þar sem kostnaður einskorðast fyrst og fremst við laun og launatengd gjöld. Á þetta við um mörg iðnfyrirtæki líkt og verkfræðistofur, arkitektastofur og ýmis fyrirtæki í hugverkaiðnaði.



Samtök iðnaðarins mótmæla þeirri 0,25 prósentustiga hækkun tryggingagjaldsins sem fyrirhuguð er um næstu áramót skv. frumvarpi til fjárlaga. Hækkun tryggingagjaldsins veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og dregur úr getu fyrirtækja að ráða til sín starfsmenn og þar með tekjugrunni tryggingagjaldsins. Það er mat Samtaka iðnaðarins að það sé mjög slæmt að það sé hækkað nú þegar verkefni hagstjórnar er að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka framtíðarhagvöxt. Laun eru há í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Hlutfall launa í landsframleiðslu er einnig hátt. Það er áskorun fyrir atvinnulífið að skapa hagvöxt við þessi skilyrði. Leiðin í átt að aukinni velsæld og sterkari ríkisfjármálum er vöxtur en ekki aukin skattlagning. Því er mjög mikilvægt, nú þegar efla þarf verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum, að tryggingagjaldið sé lækkað en ekki hækkað.

Fjárheimild til netöryggismála er aukin varanlega um 35 m.kr. Með fjárveitingunni á að efla netöryggismál í samræmi við gildandi löggjöf um netöryggi (NIS1). Samtök iðnaðarins telja að þar sem netöryggismálum hefur verið tryggt varanlegt fjármagn sé tilefni sé til lækkunar rekstrargjalds þar sem gjaldinu sé ekki lengur ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar á sviði netöryggismála. Telja samtökin að rétt sé að lækka gjaldið úr 0,38% í 0,30% og færa gjaldið í sama horf og það var í fyrir setningu laga nr. 62/2012 þegar gjaldið var hækkað við stofnun öryggis- og viðbragðsteymis vegna netöryggismála. Með lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa nr. 78/2019 var eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar útvíkkað og var hlutverk starfandi netöryggissveitar styrkt með talsverðri fjárveitingu sem átti að standa straum af kostnaði við innleiðingu laganna. Af því má leiða að rekstrargjaldinu sé ekki lengur ætlað að standa straum af netöryggismálum og að rétt sé að lækka gjaldið til fyrra horfs.

#### *Skilvirkt starfsumhverfi*

Aðgerðir sem miða að því að auka skilvirkni, t.d. með því að gera regluverk einfalt og skýrt og eftirlitið skilvirkt, eru til þess fallnar að auka framleiðni. Stuðla þarf að heilbrigðri og virkri samkeppni þar sem öll fyrirtæki starfa eftir sömu leikreglum. Opinn og sveigjanlegur markaður með vörur, þjónustu, vinnuafli og fjármagn er lykilatriði.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er að finna helstu verkefni málefnasviða innan stjórnarsýslunnar og fagna samtökin þeirri framsetningu sem þar er að finna þar sem skýrar eru áherslur innan stjórnarráðsins og helstu verkefni á komandi ári.

Samtökin fagna aukinni áherslu á að skapa traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits en myndu vilja sjá aukna áherslu á bætt regluverk með það fyrir augum að bæta eftirfylgni með lögum og tryggja virka samkeppni á jafnræðisgrundvelli. Greina þarf brotalamir í opinberu eftirliti og leita leiða til að tryggja virkt eftirlit og vilja samtökin sérstaklega benda á eftirfylgni með lögum um handiðnað nr. 42/1978, sem er í lamasessi. Skoða þarf aðrar leiðir til eftirlits og auka gagnsæi, þá sér í lagi með opinberri birtingu á listum allra þeirra aðila sem hafa sveins- og meistarábréf í lögvernduðum iðngreinum og færa eftirlit frá lögreglu, sem hefur hvorki tíma eða fjármuni til að sinna umræddu eftirliti.





Ljóst er að töluverð áhersla er nú þegar á að auka stafræna stjórnábylgju jafnframt til eftirlits en samhliða því kalla samtökin eftir átaki í samræmingu á opinberu eftirliti, með aukinni áherslu á rafræna stjórnábylgju. Stór skref hafa verið tekin á ýmsum sviðum en enn eru mörg tækifæri til umbóta, þá sér í lagi til styttingar á málsmeðferðartíma eftirlits- og úrskurðaraðila. Samtökin fagna því áherslu Samkeppniseftirlitsins á þróun rafrænna lausna í samskiptum og gagnamiðlun til málsaðila. Hvetja samtökin til þess að þróun lausnanna fari fram hjá atvinnulífinu. SI hafa áður lýst yfir ánægju með hvernig verkefnið *Stafrænt Ísland* var unnið og hvetja til að litið verið til þess verkefnis við áframhaldandi stafræna þróun.

Á sama tíma og samtökin fagna aukinni áherslu Samkeppniseftirlitsins á þróun stafrænna lausna þá skortir aukna áherslu á að eftirlit Samkeppniseftirlitsins verði skilvirkara og hagkvæmara. Samtökin telja að stytta verði málsmeðferðartíma hjá stofnuninni auk þess sem henni verði falið að hafa aukið eftirlit með samkeppnisrekstri opinberra aðila, með það fyrir augum að tryggja heilbrigða samkeppni á markaði. Sérstakar gætur þarf að hafa á því að samkeppnisrekstur opinberra aðila sé ekki niðurgreiddur af þess hluta rekstrar þess sem nýtur einkaleyfis eða verndar, í skilningi 14. gr. samkeppnislaga nr. 55/2005. Ennfremur þarf að tryggja að opinberir aðilar í samkeppnisrekstri njóti ekki ríkisaðstoðar sem eykur samkeppnisforskot fyrirtækis eða stofnunar í opinberri eigu á kostnað einkarekinna fyrirtækja. Samhliða auknu eftirliti á samkeppnisrekstri opinberra aðila telja samtökin mikilvægt að stjórnvöld leiti markvisst leiða til að draga úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði. Auka þarf áherslu á útivistun samhliða því að vinna að heilbrigðum útboðsmarkaði hins opinbera.

SI fagna áherslu Neytendastofu á að gefa út leiðbeiningar til fyrirtækja og auka þannig fyrirsjáanleika við beitingu laganna. Samtökin myndu vilja sjá aukna áherslu á hið sama hjá Samkeppniseftirlitinu en þar eru mikil tækifæri til að skýra betur ákvæði samkeppnislaga og túlkun Samkeppniseftirlitsins á þeim.

### **Nýsköpun**

Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Nýsköpun í iðnaði leggur grunn að sköpun verðmætra og eftirsótttra starfa. Fjárfesting í nýsköpun mun ráða úrslitum um framtíðarlíf skjör á Íslandi. Árið 2020 áttu sér stað mikilvægar umbætur á sviði nýsköpunar. Ber þar hæst hækkun á hlutfalli og þaki á endurgreiðslum vegna rannsóknar- og þróunar (R&D). Samkvæmt greiningu sem unnin hefur verið hjá SI leiddi hækkun á endurgreiðslum vegna R&D til þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði settu aukinn kraft í þróunarverkefni árið 2020 og fjölguðu starfsfólki, á sama tíma og umsvif drógust saman í mörgum öðrum atvinnugreinum.

Fjárfesting í rannsóknum og þróun, og þar með nýsköpun, er undirstaða þess að hugverkaiðnaður haldi áfram að vaxa og dafna en útflutningstekjur hugverkaiðnaðar tvöfölduðust frá 2013 til 2020. Vísbendingar eru um að útflutningur í hugverkaiðnaði hafi aukist enn á ný árið 2021, en endanlegar tölur liggja ekki fyrir í þeim efnum.



SI fagna því sérstaklega að tekið er skýrt fram í fjárlagafrumvarpinu að ríkisstjórnin muni viðhalda endurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunar en líkt og fram kemur í nýjum stjórnarsáttmála verður tímabundin hækkun á endurgreiðslum, sem lögfest var vorið 2020, gerð varanleg. Mun þessi aðgerð ein og sér skipta sköpum til að ná fram frekari vexti í hugverkaiðnaði til framtíðar. Endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunar eru þannig fjárfesting í framtíðarhagvexti, auknum útflutningstekjum og fjölgun verðmætra starfa.

Áherslur í fjárlagafrumvarpi og nýjum stjórnarsáttmála ásamt verkefnum sem tilgreind eru í stjórnarsáttmálanum á sviði iðnaðar og nýsköpunar eru framsæknar og hvetja SI stjórnvöld og Alþingi til að hrinda þeim verkefnum hratt af stað. Hvatar og stuðningur hins opinbera við fjárfestingu í nýsköpun mun bera ríkulegan ávöxt til framtíðar, í formi stærri skattstofns og aukinnar verðmætasköpunar.

### **Öflugt menntakerfi forsenda aukinnar hagsældar**

Menntunarstig hvers samfélags hefur veruleg áhrif á hagsæld þess. Mikilvægt er að fyrir liggja stefnumið varðandi menntun íslensku þjóðarinnar til framtíðar þannig að mannauðurinn standist samanburð við það sem best gerist. Öflugt menntakerfi tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma með skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur bent á að hér á landi séu vísbendingar um færnimistræmi á vinnumarkaði. Fleiri iðnmenntaða vanti á vinnumarkað sem og fleiri tæknimenntaða á háskólastigi.

Samtök iðnaðarins fagna þeim áformum er lúta að menntun sem fram koma í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, enda eiga þau sterkan hljómgrunn innan stefnu Samtakanna. Í sáttmálanum kemur m.a. fram að:

- Áfram verði unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt og áhersla lögð á að fjölga fólki með tækni- og raungreinamenntun.
- Byggðar verða nýjar höfuðstöðvar fyrir Tækniskólann í Hafnarfirði og unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt.
- Fjármögnun framhaldsskóla verður tryggð sem og fjármögnun háskóla í samræmi við áætlanir Vísinda- og tækniráðs.
- Miklu skiptir að menntakerfið efli nýsköpunarhugsun, að dyggilega sé stutt við grunnrannsóknir og tækniþróun og allir innviðir kerfisins styðji við hugverkageirann.
- Sí- og endurmenntun verður eflid og löggjöf um framhaldsfræðslu endurskoðuð í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðsluferfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði.

Með nýrri reglugerð um vinnustaðanám, sem tók gildi þann 1. ágúst s.l., er bundinn endahnútur á þær kerfisbreytingar sem nauðsynlegar hafa verið til að bæta stöðu starfs- og tæknináms hérlandis. Lengi hefur verið bent á að einfalda hafi þurft allt utanumhald námsins og þörf á að gera kerfið í kringum það skilvirkara með það að markmiði að halda betur utan um nema og veita



faglegri þjónustu. Samhliða þessu hefur verið ráðist í sérstakt kynningarátak á starfs- og tækninámi og hefur árangurinn ekki látið á sér standa, því undanfarin fimm ár hefur starfsnámsnemum fjölgað um 30%. Það kemur því óneitanlega á óvart að svokölluðum nemendaígildum fækkar talsvert í starfsnámsskólum, þvert á yfirlýsingar stjórnarsáttmálans. Í heild fækkar nemendaígildum um 520 á landsvísu og þar af eru 330 í starfsnámsskólum. Hækkun per nemendaígildi milli fjárlaga 2021 og fjárlagafrumsvarfs 2022 virðist rétt svo ná kjarasamningum.

Það er afar mikilvægt að hlúa vel að menntakerfinu, ekki síst nú í kjölfar covid og treysta stoðir ólíkra menntastofnanna og þá sérstaklega starfs- og tæknimenntaskóla með allan sinn fjölbreytileika. Það eru því ákveðin vonbrigði að sjá að fyrirhuguð framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu lækka um 7,8% á tímabilinu 2022-2026, þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála, en þörfin fyrir byggingu nýs Tækniskóla hefur aldrei verið meiri. 697 nemendum sem sóttu um í dagnám í starfsnámi var hafnað á landsvísu skv. tölum Menntamálastofnunar.<sup>1</sup> Þetta eru nemendur sem ekki fá inni annars staðar. Samtökin treysta einnig m.a. á framhaldsskólana að taka á móti atvinnuleitendum, sem þurfa á þjálfun að halda til nýrra starfa á vinnumarkaði sem gera kröfur um þróun starfsnáms og öflugra samstarf stjórnvalda, skóla og atvinnulífs.

Samtök iðnaðarins harma að framlög í vinnustaðanámssjóð haldast óbreytt á milli ára, því ljóst er að breyting á reglugerð um vinnustaðanám kallar á talsvert meira utanumhald og kennslu frá meisturum, fyrirtækjum og stofnunum en verið hefur hingað til. Það gefur auga leið að samfara fjölgun starfsnámsnema undanfarin ár hefur umsóknum í vinnustaðanámssjóð fjölgað til muna og er nú svo komið að framlög þyrftu að vera um það bil 50% hærrí en nú er. Það er eindregin ósk Samtaka iðnaðarins að framlög til sjóðsins verði aukin verulega til þess að mæta þessari fjölgun umsókna.

Í ljósi þessa gefur það auga leið að stjórnvöld þurfa að forgangsraða fjármunum í starfs- og tækninámi til að mæta auknum fjölda nemenda.

Samtök iðnaðarins fagna auknu framlagi til háskólastigsins og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum, en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD. Gera verður betur að þessu leyti, en að öðrum kosti getur reynst erfitt að fjölga stoðum í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar.

Samtökin fagna einnig auknu framlagi til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins enda er það í samræmi við áherslur sem fram koma í stjórnarsáttmála varðandi sí- og endurmenntun. Ríka áherslu þarf að leggja á endurmenntun, starfsþróun, raunfærnimat og fullorðinsfræðslu samfara hækkandi lífaldri sem og aukna vitneskju um tækniþróun, skapandi hugsun, greiningarhæfni og lausnamiðaða nálgun enda mun það skipta meira máli á tímum aukinnar sjálfvirkni en áður.

Með öflugum menntakerfi má varðveita og efla mannauðinn sem best til nýrra verka sem fela í sér markvissa vinnu með tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar. Nýsköpunarsamfélagið er að taka á sig

---

<sup>1</sup> <https://mms.is/innritunartolfraedi-haust-2021>



mynd en iðngreinar standa enn traustum fótum og þörf er á greinum sem byggja á handverki og hugviti við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku hagkerfi.

### **Traustir innviðir undirstaða verðmætasköpunar**

Fjárfesting í innviðum er lykillinn að langtímahagvexti og framleiðnivexti. Traustir innviðir eru undirstöður framleiðslugetu hagkerfisins. Sterkir innviðir auka möguleika fyrirtækja til að skapa verðmæti. Styðja má beint við framleiðslugetu hagkerfisins með fjárfestingu hins opinbera í innviðum.

Samtök iðnaðarins eru ánægð með þá miklu áherslu á innviði sem birtist í stjórnarsáttmála og ráðuneytisskipan nýrrar ríkisstjórnar. Eru samtökin sérstaklega ánægð með að nýtt ráðuneyti innviða hafi nú verið stofnað þar sem undir eru öll helstu málefni innviða hagkerfisins. Er að mati SI sérstaklega ánægjulegt að þar hafi verið sameinuð í einu ráðuneyti skipulags-, byggingar- og samgöngumál sem ætti að greiða úr flækjum.

Líkt og segir í stjórnarsáttmálanum eru sterkir innviðir nauðsynlegir. Fjárfesting í efnislegum innviðum leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins sem skilar sér m.a. í auknum gjaldeyristekjum. Með fjárfestingum í innviðum er búinn til grunnur aukinna tekna ríkissjóðs sem leiðir til þess að ná jöfnuði að nýju í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, slær á atvinnuleysi og dregur úr sóuðum tíma í töfum fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni skilar sér síðan í lægri vöxtum og enn minna atvinnuleysi. Síðast en ekki síst er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Samtök iðnaðarins vilja að efnislegir innviðir landsins styðji við öflugla verðmætasköpun fyrirtækja. Til þess að þetta megi verða þurfa stjórnvöld að hafa eftirfarandi í huga:

- Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins. Áhersla þarf að vera lögð á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning.
- Viðhald á innviðum hins opinbera þarf ávallt að vera nægjanlega vel sinnt þannig að ástand innviða sé gott sbr. skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi sem kom út fyrr á þessu ári.
- Leggja þarf áherslu á að auka viðhald á þeim innviðum sem eru með mesta uppsafnaða viðhaldspörf og í versta ástandinu sbr. ofangreinda skýrslu.
- Nýta þarf samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða og flýta þannig þjóðhagslega arðbærri fjárfestingu á þessu sviði.

Samtök iðnaðarins fögnuðu ákvörðun stjórnvalda um að setja aukna fjármuni í innviðauppbyggingu til að mæta uppsafnaðri þörf og sporna gegn samdrætti í hagkerfinu. Átakið fólst í því að setja aukinn kraft í viðhald og nýfjárfestingar eða flýta áður fyrirhuguðum framkvæmdum. Var markmið stjórnvalda skýrt að ýta undir fjárfestingar til að milda hagsveifluna, bæði með því að sporna gegn samdrætti í fjárfestingum einkaaðila og með því að auka við



opinbera fjárfestingu. Þar var bæði horft til atvinnuskapandi verkefna sem hægt var að ráðast í strax, eins og í tilfalli margra minni vega- og viðhaldsverkefna, og fjárfestinga í innviðum sem geta aukið framleiðni til lengri tíma, svo sem í stafrænum innviðum.

#### *Mikil uppsöfnuð þörf*

En betur má ef duga skal þar sem umrædd aukning í opinberri fjárfestingu nær ekki að vinna upp þá miklu fjárfestingar- og viðhaldsþörf sem myndaðist á tímabilinu eftir efnahagsfallið 2008. Mikilvægt er að ekki sé dregið úr fjárfestingu og viðhaldi í innviðakerfinu á næstunni. Þvert á móti er ástæða til að bæta í fjárfestingu á þessu sviði, hækka fjárfestingarstig í innviðum og tryggja framgang efnahagslega arðbærra verkefna. Í skýrslu SI og FRV um ástand innviða kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða sé um 430 ma.kr. Með uppsafnaðri viðhaldsþörf er þá átt við hvað þarf til að koma viðkomandi þætti innviða í gott ástand. Mest er uppsafnaða viðhaldsþörfin í vegakerfinu um 160-180 ma.kr. Um er að ræða bæði þjóðvegakerfið (110 ma.kr.) og sveitarfélagavegi (50-70 ma.kr.). Einnig er umtalsferð uppsöfnuð viðhaldsþörf í fráveitum eða 50-85 ma.kr. Þá er talsverð uppsöfnuð þörf í fasteignum ríkisins (46 ma.kr.) og sveitarfélaga (25 ma.kr.), samanlagt 71 ma.kr.


#### *Vegakerfið í slæmu ástandi*

Í fjárlagafrumvarpinu er skorið niður í fjárheimild til framkvæmda á vegakerfinu sem lækkar um tæpa 7,2 ma.kr. á milli árána 2021 og 2022. Að teknu tilliti til framlagi tengt samgöngusáttmála á höfuðborgarsvæðinu er lækkunin 5 ma.kr. Þessum niðurskurði vilja Samtök iðnaðarins mótmæla. Af öllum þáttum innviða landsins er ástand vegakerfis einna verst skv. ofangreindri skýrslu SI og FRV. Í skýrslunni kemur fram að stórir hlutar þjóðvegakerfisins uppfylla ekki lágmarksviðmið sem lúta að hrönnun slitlags, hjólfaradýpt, sprungumyndun, holumyndun o.fl. Þáttum er varða gæði vega og snúa þannig beint að öryggi vegfarenda. Vegagerðin hefur umsjón með um 1.200 brúm og er meðalaldur þeirra yfir 40 ár, en meðalaldur einbreiðra brúa er yfir 60 ár en þær eru yfir 200 talsins. Mjög lítil endurnýjun hefur verið á brúm undanfarin ár og bíða þar mörg stór verkefni úrlausnar. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar segir að hún muni halda áfram uppbyggingu og viðhaldi á samgöngukerfinu til að auka öryggi fólks á vegum úti og stytta ferðatíma. Í ljósi þessa skýtur það skökku við að fyrsta aðgerð ríkisstjórnarinnar sé að draga úr fjárheimildum til framkvæmda í vegakerfinu.

Leiðarljós fjármálastefnunnar er að stöðva hækkun á skuldum hins opinbera. Með það að leiðarljós þarf hins vegar að gæta að því að ekki myndist nú viðlíka ástand og á árunum eftir efnahagsfallið 2008 þar sem litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald ríkissjóðs. Við erum enn að takast á við afleiðingar of lítillar fjárfestingar í innviðum landsins eftir efnahagsfallið 2008. Mikil skuldásöfnun varð þá sem var velt yfir á framtíðarkynslóðir og kom niður á samkeppnishæfni og verðmætasköpun hagkerfisins. Ef farið verður í niðurskurð á þessu sviði mun ástand innviða lítið lagast og sennilega versna ef eitthvað er. Í þessu sambandi lýsa SI einnig áhyggjum af því sem fram kemur í fjármálaáætlun 2022-2026 þar sem gert er ráð fyrir að hlutdeild fjárfestinga hins opinbera af landsframleiðslu muni lækka á næstu árum m.a. vegna mikilla



lækkunar í fjárfestingum í samgöngumannvirkjum. Mikilvægt er að tryggja að þessi þróun verði ekki að veruleika.



### Stöðug húsnæðisuppbygging sem mætir þörfum

Undanfarin 100 ár hefur reglulega verið ráðist í áttak við uppbyggingu húsnæðis á Íslandi, oft í tengslum við alvarlegan húsnæðisskort. Sveiflur hafa einkennt byggingariðnað en þær eru samfélaginu kostnaðarsamar og því er til mikils að vinna. Byggingariðnaður er stór eða um 8% af landsframleiðslu og því skiptir talsvert miklu máli fyrir hagkerfið með hvaða hætti hann þróast. Uppbygging húsnæðis þarf að vera stöðug og í takt við þarfir markaðarins hverju sinni. Skortur á yfirsýn og á eignarhaldi á málaflöknum hefur verið stærsta vandamálið en kjarni máls er sá að núverandi starfsumhverfi byggingarmála er óskilvirkt og óhófleg reglubyrði eykur flækjustig sem hækkar kostnað. Boðleiðir eru of langar og ferlið að fyrstu skóflustungu er of tímafrekt. Niðurstaðan er sú að húsnæði er dýrara en það þyrfti að vera sem hefur mikil áhrif. Umgjörð byggingarmarkaðarins er því beinlínis áhættuþáttur í hagstjórn og því þarf að breyta.

Eins og áður hefur komið fram fagna samtökin aukna áherslu í stjórnarsáttmálanum á byggingar- og mannvirkjagerð bæði hvað varðar innviði og húsnæðisuppbyggingu. Nauðsynlegar skipulagsbreytingar voru m.a. gerðar með stofnun innviðaráðuneytis þar sem innviða-, húsnæðis- og skipulagsmál eru nú loks sameinuð undir einu ráðuneyti. Þá eru útgjöld til verkefna fyrir húsnæðisstuðning árið 2022 áætluð 13.438,1 m.kr. og hækka um 382,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 2,9%. Bendir þetta til þess að rík áhersla verður lögð á endurbætur og frekari uppbyggingu málaflöksins.

Samtökin hafa bent á að jafnvægi þarf að ríkja á húsnæðismarkaði hvað varðar framboð og eftirspurn. Því er mikilvægt að úrræði stjórnvalda þegar kemur að málaflöknum séu líka til þess fallin að ýta undir framboðshlið húsnæðisuppbyggingar en ekki aðeins eftirspurn. Því er ánægjulegt að fjármunum er áfram varið í frekari uppbyggingu á húsnæði á landsbyggðinni, uppbyggingu á almenna íbúðarkerfinu og uppbyggingu í gegnum hlutdeildarlán.





### *Endurskoðunar á regluverki og stjórnarsýslu húsnæðismála*

Samtökin fagna því að nú standi til að ráðast í frekari endurbætur á regluverki og stjórnarsýslu húsnæðismála. Mikilvægt er að nægt fjármagn sé tryggt til verkefnisins þar sem ávinningurinn verður margfalt meiri. Leggja þarf ríka áherslu á að tryggja áframhaldandi þróun á uppbyggingu húsnæðisgrunnns HMS til upplýsingaöflunar og miðlunar um húsnæðismarkaðinn og frekari endurskoðun byggingarmála sem stuðla að lækkun byggingarkostnaðar, bættu regluverki og gæðum.

Þar sem sérstök áhersla er nú lögð á umhverfi byggingarmála og bættu regluverki greinarinnar í nýjum stjórnarsáttmála vilja samtökin einnig koma því á framfæri við gerð fjárlaga að verulega hefur skort á skilning og þekkingu á eðli og umfangi stöðlunarverkefna hjá hinu opinbera til þessa. Þessi staða endurspeglast t.d. í þeirri staðreynd að undanfarin misseri hafa tugir sérfræðinga starfað við endurskoðun á íslenskum þjóðarviðaukum við 58 evrópska þolhönnunarstaðla sem staðfestir verða sem íslenskir þegar endurskoðun þeirra lýkur. Þetta starf, þ.e. fagleg endurskoðun á afleiddri löggjöf um þolhönnun, er þrátt fyrir ítrekaða beiðni til hlutaðeigandi ráðuneytis, ófjármagnað og kostnaðurinn við það er alfarið skilinn eftir hjá byggingariðnaðinum.

Hér á landi gera lög og reglugerðir þó ráð fyrir notkun þeirra til að viðhalda gæðum og öryggi. Staðlar eru afleiddur en órjúfanlegur hluti löggjafar um húsnæðis- og mannvirkjamál og eru notaðir af löggjafanum til að segja m.a. til um kröfur til mannvirkja og byggingarvara. Skv. ákvæðum EES samningsins ber einnig að staðfesta evrópska þolhönnunarstaðla sem íslenska og skrifa við þá íslenska þjóðarviðauka sem segja til um kröfur til þolhönnunar íslenskra mannvirkja. Þau verkefni eru unnin á vettvangi Staðlaráðs Íslands þar sem bestu sérfræðingar á sínu sviði leggja sitt af mörkum til að tryggja heildstæða löggjöf um þolhönnun. Til viðbótar má benda á að vísað er í á þriðja hundrað staðla í íslenskri byggingarreglugerð og að baki lögum um byggingarvörur liggja á sjötta hundrað staðlar til viðbótar sem segja m.a. til um framleiðslu, prófanir og CE merkingar byggingarvara.

Ljóst er að löggjöf um mannvirki er með formlegum hætti vörðuð þeim mikilvægu viðmiðum og kröfum sem hagaðilar á hverju sviði hafa komið sér saman um í stöðlum. Án fjármögnunar til stöðlunar og stöðlunarstarfs verður þessi hluti löggjafarinnar hins vegar ekki til. Afleiðing afskiptaleyfis stjórnvalda er að framkvæmd þolhönnunar mannvirkja í landinu er veruleg hættu búin því kröfur um þolhönnun hvað varðar m.a. jarðskjálftaálag, snjóálag og vindálag, svo eitthvað sé nefnt, verða ekki til af sjálfu sér. Raunar er tímaramminn til að vinna verkefnið orðinn mjög knappur þar sem fyrsti hluti endurskoðaðra þolhönnunarstaðla, án íslenskra þjóðarviðauka, tekur gildi í janúar 2022. Tryggja þarf fjármagn og heimildir ráðherra til að ráðast í þetta bráðnauðsynlega verkefni á næsta ári því annars verður þessi hluti löggjafarinnar ekki til.

### *Viðhald húsnæðis*

Átakið Allir vinna, þ.e. 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu og hönnun við íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og mannvirkja í eigu tiltekinna félagasamtaka og sveitarfélaga hefur skilað góðum árangri bæði á síðasta ári sem og á árunum 2009-2013. Átakið hefur leitt til



Þess að uppbyggingu og viðhaldi húsnæðis var betur sinnt en áður bæði hjá neytendum og ekki síður sveitarfélögum sem mörg hver hafa nýtt tækifærið til að ráðast í löngu tímabæra hönnun og uppbyggingar- og viðhaldsverkefni. Verkefninu hefur einnig fylgt ávinningur í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi, ásamt því að skapa störf og viðhalda verðmæti eigna.

Átakið fór af stað til að stemma stigu við neikvæðum efnahagsáhrifum kórónuveirufaraldursins og átti að vera í gildi út árið 2021. Óhætt er að fullyrða að átakið hefur átt sinn þátt í því að niðursveiflan í byggingariðnaði og mannvirkjagerð hefur verið minni en oft áður í fyrri efnahagsniðursveiflum. Átakið hefur verið vel nýtt af neytendum sem hafa með viðhaldi og endurbótum stutt við starfsemi einyrkja og minni fyrirtækja sem starfa á viðhaldsmarkaði. Á þeim markaði eru faglærðir iðnaðarmenn oft í samkeppni við réttindalausla aðila og svarta atvinnustarfsemi en átakið dregur í eðli sínu úr slíkum viðskiptaháttum og styður því við fyrirtæki sem vinna eftir lögum og reglum. Aukin greiðslubyrði heimilanna vegna vaxta- og verðlagshækkana mun samhliða niðurfellingu á Allir vinna átakinu á næsta ári því hafa neikvæð áhrif á neytendur sem og minni fyrirtæki í byggingariðnaði sem enn eru mörg hver í viðkvæmri stöðu eftir efnahagssamdrátt síðustu missera. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt í ljósi þess hversu vel verkefnið hefur tekist að stjórnvöld framlengi Allir vinna um eitt ár hið minnsta.

Í aðdraganda Alþingiskosninga var umræðan um framlengingu á átakinu talsverð og lýstu bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn yfir vilja til áframhalds. Miklar vonir eru því bundnar við endurskoðun á frumvarpi til fjárlaga með framlengingu átaksins út næsta ár svo að ekki þurfi að endurskoða eða jafnvel hætta við húsnæðisuppbyggingu, viðhaldsverkefni og hönnun á nýjum verkefnum.

#### *Áskoranir framtíðarinnar við uppbyggingu og viðhald innviða*

Áskoranir byggingar- og mannvirkjagerðar eru margvíslegar á komandi árum, ekki síst þegar kemur að hlutverki byggingariðnaðarins í loftlagsmálum. Skortur á rannsóknum stendur í vegi fyrir hraðari uppbyggingu á vistvænu húsnæði sem og skortur á rannsóknum á vistvænu byggingarefni við íslenskar aðstæður. Ljóst er að hinn nýstofnaði samkeppnissjóður, Askur – mannvirkjarannsóknarsjóður, er mikilvægur farvegur til eflingar á rannsóknum á þessu sviði. Um 100 milljónum verður úthlutað úr sjóðnum árið 2021 og 50 milljónir hafa verið tryggðar til úthlutunar 2022 og 2023. Þær fjárhæðir teljast mjög lágar ef litið er til umfangs mannvirkjageirans og þess að nú er búið er að leggja Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins niður. Samtökin benda á að afar mikilvægt sé að tryggja frekari fjármagn til sjóðsins svo unnt sé að stuðla að markvissari rannsóknum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar til framtíðar, þar á meðal vistvænum byggingarefnum.

#### *Efling stafrænna innviða*

Áhersla á frekari fjárfestingu í stafrænum innviðum og stafrænni þjónustu er mikilvæg. Að mati SI hefur vel tekist til með verkefnið *Stafrænt Ísland* og hvetja SI stjórnvöld til að halda áfram á þeirri braut. Útboð og samstarf við upplýsingatækniiðnað við uppbyggingu stafrænnar þjónustu hins opinbera hefur verið til fyrirmyndar.



Vinnsla og hýsing gagna verða sífellt mikilvægari í viðskiptum og daglegu lífi vegna stóraukinnar notkunar á upplýsingatækni á öllum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að huga að samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði, meðal annars samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar. Í því sambandi er mikilvægt að greiða úr óvissu sem verið hefur uppi í tengslum við virðisaukaskattsmál í gagnaversiðnaði. Þá þarf stöðugt að huga að því að Ísland standist alþjóðlegan samanburð á sviði stafrænna innviða og þjónustu. SI fagna því lagningu nýs fjarskiptasæstrengs til Írlands sem fyrirhugað er að taka í notkun á síðari hluta ársins 2022.

### **SI mótmæla hækkun krónutölugjalda**

SI gagnrýna áform hins opinbera um hækkun krónutölugjalda á olúgjaldi, bensíngjaldi, kílómetragjaldi, bifreiðagjaldi og áfengis- og tóbaksgjaldi. Síðustu ár hafa þessi gjöld hækkað árlega um 2,5% sem hefur komið mjög niður á íslenskum framleiðendum og neytendum. Í þessu samhengi vilja samtökin þá minna á eitt meginmarkmið lífshagsamninganna um stöðugt verðlag og varðveislu kaupmáttar fyrir almenning í landinu. Rekstrarumhverfi fyrirtækja versnar einnig með auknum álögum sem kemur niður á samkeppnishæfni þeirra. Til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni er mikilvægt að halda aftur af hækkunum á sköttum og gjöldum nú þegar við siglum inn í samdráttarskeið. Langstærstur hluti íslenskra fyrirtækja hefur glímt og glímir enn við efnahagslegar afleiðingar af völdum COVID. Á meðan hið opinbera hefur verið að styðja við íslenskt atvinnulíf, með einum eða öðrum hætti, að mæta þessum afleiðingum þá skýtur það skökku við að á hinn bóginn sé hið opinbera að leggja auknar álögur á fyrirtækin. Stjórnvöld ættu öðru fremur að draga úr hömlum og álögum á þessum tímapunkti til að styrkja íslenskt atvinnulíf sem skilar sér síðan í aukinni hagsæld. Leggja samtökin því til að hækkun áður nefndra gjalda verði dregin til baka.

### **Frekari úrbóta er þörf á álgagninu gjalda vegna orku- og umhverfismála**

Fram kemur í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga að stefnt er að hækkun á kolefnisgjaldi frá því sem nú er, eða um 2,5% til samræmis við fyrri forsendur, og er um ræða sambærilega hækkun og í núgildandi fjárlögum. Að gefnu tilefni benda SI á að samtökin leggjast almennt ekki gegn hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti í almennum samgöngum á landi en benda á að hækkun kolefnisgjaldsins almennt kemur hins vegar illa við fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Hækkunin skerðir verulega samkeppnishæfni þeirra gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem eftir atvikum þurfa ekki að standa undir sambærilegum gjöldum. Með álagningu kolefnisgjalda af ýmsum toga þá er, eins og áður segir, sú hættu til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum utan þeirra ríkja sem ekki greiða nein slík gjöld en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor. Til marks um það má nefna að álfraðleiðsla í Kína er að uppistöðu til knúin með kolum og losar því tífalt meira en álfraðleiðsla hér á landi. Álfraðleiðsla í Kína ber hins vegar engin teljandi kolefnisgjöld og nýtur að auki verulegs ríkisstuðnings eins og raunar álfraðleiðsla víðast hvar í heiminum utan Íslands, samkvæmt skýrslu OECD frá liðnu ári, og einnig var vísað til í umsögn samtakanna um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021. Eins og samtökin hafa áður bent á streymir ál frá Kína í vaxandi mæli til Evrópu og njóta kínverskir álfraðleiðendur þess að þurfa að ekki að bera kostnað af sinni losun og því telja samtökin mikilvægt að við álagningu gjalda, líkt



og hér um ræðir, þá sé tekið til skoðunar áhrif þeirra á samkeppnisskilyrði hérlendra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum.

Ítreka samtökin að loftslagsvandinn er hnattrænn í eðli sínu en ekki staðbundinn. Ef raunverulegur árangur á að nást þá þurfa allir að sitja við sama borð. Það gerir aðeins illt verra að hrekja gjaldskylda framleiðslu, m.a. vegna kolefnisgjalda sem lögð hafa verið á framleiðslu áls og raforku, frá t.a.m. Evrópu til Kína, Indlands eða Mið-Austurlanda þar sem losunin er margfalt meiri. Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda taki mið af þessum raunveruleika og metnir verði kostir og gallar þess kerfis sem nú er við lýði sem og þeirra tillagna sem fram koma í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Líkt og í umsögnum SI um fyrri fjárlög, sem og rakið er einnig í [Loftslagvegvísi atvinnulífsins](#), og birtur var í júní sl., vekja samtökin athygli á að mörg fyrirtæki vinna nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Vilja félagsmenn samtakanna vinna að jákvæðri þróun í þessum efnunum. Samtökin benda hins vegar á að þó tækniframþróun sé hröð í þessum efnunum er það ekki svo að hægt sé að fá stærri ökutæki, vinnuvélar og sum iðnaðartæki þannig að þau nýti endurnýjanlega orkugjafa. Orkuskipti er því ekki raunhæfur kostur sem stendur á öllum sviðum, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu, og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru að óbreyttu hverfandi. Auknar álögur á atvinnulífið og hvatar sem fyrirtæki hafa ekki möguleika á að fylgja eftir eru í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga og tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026, sbr. bls. 13 í stefnunni, er kveðið á um græn verkefni og nýsköpun. Fagna samtökin þeirri áherslu stjórnvalda að fjárfesta í slíkum verkefnum og nýsköpun á þessu sviði, sbr. einnig áhersla á þau mál í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar. Eftir sem áður telja SI mikilvægt að taka til skoðunar fjármögnun og starfsemi opinberra sjóða sem hafa að markmiði að stuðla að slíkum verkefnum, sbr. umfjöllun um sjóði og verkefni í kafla 17.5 þar sem vísað er til Loftslagssjóðs.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga sem og frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022 er boðuð hækkun á losunargjöldum ásamt því að þar er að finna umfjöllun um þau gjöld og þá hækkun, og byggjast þær hækkanir m.a. á upplýsingum um verð á heimildum markaðsverð losunarheimilda frá Intercontinental Exchange-markaðnum í London (ICE). Munu því þær heimildir taka breytingum til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

Að gefnu tilefni og í samræmi við áherslur ríkisstjórnar um áherslur á sviði grænna verkefna og nýsköpunar telja samtökin mikilvægt að taka til skoðunar starfsemi og fjármögnun Loftslagssjóðs en mikilvægt er að tryggja að sjóðurinn verði fjármagnaður í samræmi við þau gjöld sem fyrirtæki hér á landi eru að leggja inn í ETS kerfið. Verði sjóðnum ekki tryggt slíkt fjármagn, sem hann á réttilega inni, er ljóst að markmið hans munu ekki nást. Þá er þetta bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í loftslagsmálum því álögurnar grafa undan samkeppnishæfni iðnaðar sem notar 100% endurnýjanlega orku. Ítreka SI að kostnaður innlendra málmframleiðenda af kaupum losunarheimilda nemur vel yfir milljarði. Voru tekjur íslenska ríkisins af ETS-kerfinu um 1,3 milljarðar árið 2020 og munu aukast samhliða hækkandi verði á heimildum, sbr. boðaðar breytingar. Innan ESB renna tekjurnar til verkefna sem



ætlað er að draga úr losun, en tekjur íslenska ríkisins eru ekki eyrnamerktaðar slíkum verkefnum. Tryggja þarf að tekjur sem renna í ETS-kerfið verði nýttar í þróun og uppbyggingu á umhverfisvænum lausnum í málframlagsleiðslu í gegnum Loftslagssjóð. Í þessu samhengi benda SI á að á tímabilinu 2013-2019 runnu 78% af tekjum að sölu losunarheimilda innan ESB í verkefni á sviði umhverfis- og orkumála, sbr. upplýsingar úr [skýrslu](#) framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2020.

Benda SI á að þegar lög um loftslagsmál voru sett árið 2012 var gert ráð fyrir að framlög í sjóðinn væru tengd tekjum ríkisins af uppboðum á losunarheimildum innan viðskiptakerfis ESB. Þessu ákvæði var breytt árið 2014 og tekjur sjóðsins eiga að vera ákvarðaðar með fjárveitingum í fjárlögum ár hvert. Samtökin telja að jafngildi tekna ríkisins af viðskiptakerfi ESB ættu að renna í loftslagssjóð, eins og tíðkast víðast hvar í Evrópu. Sem dæmi var gert ráð fyrir tekjum upp á einn milljarð króna í fjárlögum árið 2020 af sölu á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda og í fyrirliggjandi áformum er lögð til enn frekari hækkun. Gera má ráð fyrir að þær tekjur ríkisins muni halda áfram að aukast, þar sem verð á losunarheimildum hefur hækkað verulega undanfarin ár.

Samtökin telja mikilvægt að gagnsæi sé hvað varðar innheimt umhverfisgjöld og hvort og hvernig þeir fjármunir eru raunverulega nýttir til grænna verkefna og nýsköpunar. Að mati samtakanna er verulega úrbóta þörf til að bæta úr þeim ágalla til að skapa traust til þess að umrædd gjöld séu sannarlega nýtt í græn verkefni. Vísa samtökin hér máli sínu til stuðnings til ábendinga til ábendinga í [skýrslu OECD](#) frá árinu 2019 þar sem segir, á bls. 35, eftirfarandi: „*To address distributional concerns, to avoid an unwarranted increase in the tax burden and to overcome political economy obstacles, CO2-tax proceeds could partially or fully be reimbursed to businesses and citizens, as done in Switzerland*“. Úrbóta er þörf til að auka á skýrleika á milli innheimtra umhverfisgjalda og hvernig þeim er ráðstafað og skora samtökin á stjórnvöld að bæta þar úr.

Að lokum hvetja SI stjórnvöld til að horfa til og nýta reynslu nágrannaríkja okkar er viðkemur styrkjum hins opinbera og framlaga til innleiðingar og nýsköpunar á sviði grænnar tækni og umhverfisvænna lausna. Má í því samhengi horfa til framkvæmdar í Noregi, nánar tiltekið Enova-sjóðsins sem starfræktur er af þarlandum stjórnvöldum með það að markmiði að koma á umhverfisvænum breytingum í norsku samfélagi.<sup>2</sup> Mikilvægt er því, að mati samtakanna, að hugmyndir að útfærslu umhverfisskatta og ráðstöfun þeirra tekna verði betrubættar að teknu tilliti til framanritaðs.

## Úrvinnslugjald

Í kafla 17.3 er umfjöllun um meðhöndlun úrgangs og þ.m.t. starfsemi Úrvinnslusjóðs. Að gefnu tilefni benda samtökin á að frá setningu laga um opinber fjármál til ársins í ár voru fjármál sjóðsins í uppnámi, enda varð sú breyting á að þau lög sköruðust á við sérlög um starfsemi hans og úrvinnslugjöld. Sem afleiðing þessa varð ríkið ekki lengur innheimtuaðili hinna sérstöku úrvinnslugjalda heldur yfirtók ríkið um leið sjóðinn, þvert á áður nefnd sérlög og megininntak

<sup>2</sup> <https://www.enova.no/about-enova/>



svonefndrar framleiðendaábyrgðar sem hvílir á atvinnulífinu en ekki hinu opinbera. Sú aðstaða skapaði þannig raunverulega hættu á að hérlend útfærsla framleiðendaábyrgðar og starfsemi skilakerfa á því sviði gengi gegn ákvæðum gerða á því sviði á vettvangi EES samningsins.

Samtökin telja að ákveðið framfaraspör hafi verið stigið sl. vor þegar lögum var breytt til að höggva á þennan hnút. Eftir sem áður telja samtökin mikilvægt að skoða enn frekari breytingar á samspili laga sem gilda um opinber fjármál annars vegar og úrvinnslugjöld hins vegar. Sem afleiðing þessa ósamræmis er framsetning ársreikninga sjóðsins hagað á þann hátt að hann endurspeglar stöðu Úrvinnslusjóðs sem ríkisaðila í A-hluta í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál og reglur sem gilda um reikningskil ríkisins. Þannig endurspeglar ársreikningar ekki meðferð tekna samkvæmt ákvæðum laga um úrvinnslugjald heldur gætir enn ósamræmis. Í því ljósi veita ársreikningar t.d. ekki mynd af stöðu uppgjörsflokka sjóðsins sem hefur m.a. skírskotun til framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Telja samtökin því mikilvægt að stíga skrefið til fulls og gera fullnægjandi breytingar á regluverki sjóðsins til að koma fjármögnun hans og uppgjöri í ásættanlegt form sem endurspeglar hið sérstaka eðli framleiðendaábyrgðar á grundvelli EES samningsins.

### **SI hvetja til prentunar íslenskra bókverka á Íslandi**

Samtök iðnaðarins fagna áherslu stjórnvalda að styðja við útgáfu bóka á íslensku vegna mikilvægis varðveislu íslenskrar tungu og læsi. SI hvetja til að stuðningur við íslenska bókaútgáfu verði nýttur sem hvati til að prentað sé á Íslandi. Þrátt fyrir að núverandi fyrirkomulag styðji við útgáfu íslenskra bóka er rétt að benda á að undanfarið hafa íslenskir bókaútgefendur í auknum mæli kosið að eiga viðskipti við erlendar prentsmiðjur vegna hagkvæmni. Þannig styðja stjórnvöld við útgáfu íslenskra bóka sem eru að mestu leyti prentaðar erlendis. Í könnun sem framkvæmd var af Bókasambandi Íslands haustið 2019, kemur fram að 78% þeirra íslensku bóka sem gefnar voru út fyrir jólin 2019 voru prentaðar erlendis. Samtökin leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að styðja við íslenskan prentiðnað þar sem að greinin stendur nú frammi fyrir raunverulegri hættu á að sérfræðiþekking á prentsmiði, prentun og bókbandi glatist. Íslensk prentfyrirtæki eru brautryðjendur í umhverfismálum, nota virt vottunarkerfi sem nær til allrar aðfangakeðjunnar, nýta endurnýjanlega orku og stuðla að umhverfisvænni framleiðslu. Skapa þarf hvata sem stuðlar að samkeppnishæfni íslenskra prentsmiðja og að bókaútgefendur sem og aðrir aðilar sjái hag sinn í því að prenta hérlendis. Slíkar aðgerðir ríma jafnframt vel við markmið stjórnvalda um minnkun kolefnisspors ásamt því að varðveita sérfræðiþekkingu fagfólks í iðnaðinum.

### **SI hvetja til að fjárheimildir vegna endurgreiðslu kvikmyndagerðar endurspegli umfangið**

Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður á Íslandi hefur verið í miklum blóma og vaxið undanfarin ár. Stefnir nú í annað stærsta framleiðsluár í sögu greinarinnar hér á landi. Leikur þar enginn vafi á að öflugt endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndaframleiðslu hefur skipt þar sköpum. Endurgreiðslukerfið hefur stutt við aukna verðmætasköpun hérlendis, áhrif kerfisins á greiðslujöfnuð ríkissjóðs hafa ávallt verið jákvæð og eru þá ótalin önnur afleiðd áhrif af kvikmyndaframleiðslu svo sem gjaldeyrisöflun, sköpun beinna og óbeinna starfa og jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Samtök iðnaðarins fagna því að stjórnvöld leggi áherslu á frekari vöxt greinarinnar og sýni vilja í verki með fjárukningu. Samtökin áréttu þó að undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð og töluvert lægri en





raun ber vitni. Þannig hafa útgefin vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu verið mun hærri en fjárlög kveða á um. Þannig hafa endurgreiðslur vegna útgefinna vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæð útgefinna vilyrða fer yfir fjárhæð í fjárlögum. Vegna vanáætlunar stjórnvalda tefjast endurgreiðslur ítrekað. Hefur þetta skapað mikla óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný. Samtökin leggja til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna verði hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra árs. Þannig myndu stjórnvöld stuðla að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Ingólfur Bender'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Ingólfur Bender,  
aðalhogfræðingur SI

A handwritten signature in blue ink that reads 'Sigurður Hannesson'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Sigurður Hannesson,  
framkvæmdastjóri SI